



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

Fundargerð 58. fundar skólanefndar.

Dagsetning: þriðjudagur 12.06.12

Viðstaddir: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Jón Eggert Bragason, Magnús Þór Jónsson, Sigríður Finsen, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Innritun stendur yfir. Nemendur sem útskrifuðust úr 10. bekk eru fá í ár. Alls fengu 200 nemendur seðla. Búið er að auglýsa svolítið eftir fleiri dreifnemendum. Fleiri tengingar ræddar.
2. Starfsmannamál – Lausar stöður kennara. Það er búið að auglýsa eftir kennurum í eftirfarandi stöður; danska 50%, raungreinar 100% og fél/sag/upp 100%.
3. Sótt um styrki. FSN sótti um í sprotasjóð og fékk 1 milljón til námskrárvinnu. FSN sótti um ásamt G.Run. og Símenntun um 2 milljónir í að halda námskeið í handflökun í samstarfi við Matís, Bylgjuna og V23 annars vegar og aðrar 2 milljónir í þróunarvinnu við námskeiðið.
4. Fjarmenntaskólinn. Jón Eggert sýndi vef fjarmenntaskólans sem var opnaður í dag. FSN vonast til þess að fjölga nemendum með þátttöku í fjarmenntaskólanum.
5. Menntastoðir. Verkefni þróað af símenntunarmiðstöðvum. Námið stendur nemendum 23 ára og eldri til boða með undir 70 einingar. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi hefur farið á leit við FSN um að taka að sér verkefnið Menntastoðir.
6. Rútur - Rekstur. Örlítið tap er á rútuakstri vorönn 2012 eða tæp 100 þús. Afgangur var um 900 þús. kr. og mun tap vorannar vera dekkað af afgangi haustannar 2011.
7. Önnur mál.
 - Dagatal – skólameistari ræddi dagatal skv. kjarasamningum.
 - Útskrift – föstudagur eða laugardagur.
8. Ráðning aðstoðarskólameistara. Magnús Þór yfirlag fundinn yfir þessum lið. Sex sóttu um starfið en þrír drógu umsókn til baka. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir hefur verið ráðin sem aðstoðarskólameistari í 50% stöðu. Staðan var áður 75% en ný starfslýsing hefur verið skrifuð. Jón Eggert skólameistari mun taka að sér einhverjar skyldur aðstoðarskólameistara, þ.á.m. töflugerð. Pétur Ingi fyrrv. aðst. skólameistari mun verða nýjum aðst. skólameistara innan handar í eitt ár. Björg Ágústsdóttir kom að ráðningarferli ásamt skólameistara. Nýr aðst. skólameistari mun taka til starfa 1. ágúst.
9. Önnur mál.
 - 10. bekkingar í FSN haustið 2012.

Fundi slitið kl. 17:55.